

Ályktun til kirkjuþings

Héraðsfundur Húnavatns- og Skagafjarðarprófastsdæmis, haldinn í Skagafirði 6. apríl 2025 lýsir yfir miklum vonbrigðum með 8. mál kirkjuþings, tillögu um starfsreglur vígslubiskupa, sem samþykkt var með eins atkvæðis mun á nýafstöðnu kirkjuþingi. Aðeins eru tvö ár síðan sama kirkjuþing samþykkti starfsreglur um vígslubiskupa og því vandséð hvað rak á eftir því að breyta þeim starfsreglum. Nýju starfsreglurnar eru þess eðlis að augljóst má vera að þær þarf að taka aftur upp á kirkjuþingi og tryggja embætti vígslubiskupa á gömlu biskupsstólunum. Samkvæmt tillögunni sem nú var samþykkt á enn að fækka störfum vígðrar þjónustu á landsbyggðinni og mótmælir héraðsfundurinn því harðlega. Nú er verið að horfa til framtíðar Hólastaðar á vegum forsætisráðuneytisins og í nýútgefinni skýrslu kemur fram að tvær aðal undirstöður þessa merka sögu- og menningarstaðar eru annars vegar háskólinn og hins vegar vígslubiskupsembættið. Slæmt er að kirkjuþing geri lítið úr vígðum embættum og starfsfólki þjóðkirkjunnar, eins og 8. málið vitnar um.

Samþykktir aðalfundar Félags fyrrum þjónandi presta 2025 sendar forsætisnefnd Kirkjuþings.

Aðalfundur Félags fyrrum þjónandi presta haldinn 26. mars 2025 á Mörk við Suðurlandsbraut, Reykjavík samþykkti eftirfarandi ályktanir, sem beint er til Kirkjuþings

1. “Aðalfundur Félags fyrrum þjónandi presta harmar niðurstöðu kirkjuþings að leggja niður embætti vígslubiskupa í núverandi mynd og hvetur kirkjuþingið til að endurskoða hana”.

2. “Aðalfundur Félags fyrrum þjónandi presta haldinn 26.03.2025 á Hjúkrunarheimilinu Mörk í Reykjavík samþykkir áskorun til forsætisnefndar Kirkjuþings að leggja fram tillögu á næsta kirkjuþingi um að formaður Félags fyrrum þjónandi presta hafi seturétt á kirkjuþingi með málfrelsi og tillögurétti. Varaformaður félagsins sé jafnframt varamaður hans með þann rétt”

Reykjavík 28. apríl 2025

Virðingarfyllst. f.h. stjórnar Jón Ragnarsson, ritari.